

Sorpa b.s. Urðunarstaður Álfnesi
Gufunesvegi
112 Reykjavík

Reykjavík 5. desember 2018
UST201804-011/H.E.
08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit, 15. 10. 2018, hjá urðunarstað Sorpu bs. Álfnesi.

Pann 15. október sl. fór fram eftirlit á urðunarstað Sorpu bs. í Álfnesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Staðfestar voru úrbætur vegna tveggja útistandandi frávika:

1. Uppsaferðar birgðir af dekkjakurli hafa verið nýttar í botn og hliðar urðunarreinar nr. 20 og að hluta til fokvarna.
2. Girðing sem afmarkar svæðið hefur verið reist.

Unnið er samkvæmt samþykktri úrbótaáætlun vegna þriggja eldri frávika:

1. Mánaðarlegar sigmælingar á urðunarstaðnum hafa verið framkvæmdar frá apríl sl. Skráningar á breytingum á umfangi urðaðs úrgangs munu grundvallast á sigmælingunum. Skráningunum ber að skila í árskýrslu fyrir 1. maí.
2. Framkvæmd áætlunar til að draga úr lyktarmengun: Áætlað er að gas og jarðgerðarstöð verði tekin í notkun árið 2020 og að tilraunir við endurvinnslu á fituríkum sláturúrgangi hefjist í desember nk. Nægur raki reyndist vera í afgasi frá hreinsistöð svo fallið hefur verið frá framkvæmd um vatnsúðakerfi á lífsíu.
3. Í eftirlitinu var staðfest að vel er haldið utan um skráningar við móttöku dýrahræja en eftirlitsaðili óskar eftir skriflegum verklagsreglum við urðun dýrahræja og sláturúrgangs sem ekki fer í Gými.

Tvær ábendingar voru gerð í eftirlitinu varðandi skráningar á þrifum í Gými (móttöku fyrir lyktsterkan úrgang) og tilkynningu til eftirlitsaðila og Heilbrigðisnefnda um tilraunir til endurnýtingar lyktsterks úrgangs sem fyrirhuguð er í desember nk. Auk þess komu fram þrjú frávik er varða:

1. Grein 2.1, 4.1 og 4.2 í starfsleyfi. Illa flokkaðir úrgangshaugar voru á móttokusvæði fyrir steinefni. Í haugnum voru m.a. gifsplötur, plast, tómír smurolíubrúsar ofl. Í andsvörum rekstraraðila dags. 26.11.2018 kemur fram að reynt er að sporna við illa flokkuðum förmum með álagsgjaldi ofl. Rekstraraðili skilar spilliefnum sem við á í viðeigandi spilliefnamóttökur í samræmi við verklagsreglur.
2. Grein 2.1 í starfsleyfi. Móttokusvæði fyrir steinefni er utan við afgirt athafnasvæði en samkvæmt starfsleyfi skal athafnasvæði afgirt með girðingu sem hindrar aðgang manna og skepna og hindrar óleglega losun úrgangs. Í

eftirlitinu var ljóst að tekið hafði verið við úrgangsfarmi utan afgirts athafnasvæðis. Endurnýting úrgangs (landmótun) er starfsleyfisskyld starfsemi skv. grein 8.5 í X. viðauka reglugerðar nr 550/2018.

Rekstraraðili sendi andmæli við drögum að eftirlitsskýrslu þann 26. nóvember sl. og eru þau, ásamt svörum Umhverfisstofnunar, birt sem fylgiskjal með þessu bréfi.

Umhverfisstofnun sambýkkir úrbótaáætlun rekstraraðila dags. 26. nóvember sl. við fráviki í tölulið nr. 1 um að unnið sé að því að hreinsa efni úr haugnum samkvæmt verklagsreglum sem kynntar hafa verið starfsmönnum.

Þá óskar Umhverfisstofnun eftir úrbótaáætlun í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 vegna fráviks í 2. tölulið, ásamt verklagsreglum um móttöku dýrahræja vegna fráviks sem skráð var í fyrra eftirliti ársins, dags. 5. júní sl. og að gögnin berist stofnuninni eigi síðar en 27. desember, 2018.

Virðingarfyllst



Halla Einarsdóttir
verkfræðingur



Frigg Thorlacius
Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afrít: Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur og Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis

**Viðbrögð Umhverfisstofnunar við andsvörum rekstraraðila dags. 26.
nóvember 2018.**

1. Frávik.

1.1 Illa flokkaðir úrgangshaugar voru á móttökusvæði fyrir steinefni. Í haugnum voru m.a. gifsplötur,

plast, tómir smurolíubrúsar ofl.

Áður hefur verið rætt um vandamál vegna móttöku illa flokkaðs úrgangs og aðgerðir til að bæta þar

úr t.d. með álagsgjaldi við móttöku. Ástandið fer greinilega batnandi með þessum aðgerðum en ekki

er talið eðlilegt að vísa þessum úrgangi frá. SORPA bs. hefur engin úrræði til að sjá til þess að hann

komi þá aftur til baka. Óæskilegir þættir verða hreinsaðir úr þessum úrgangi.

Óskað er eftir því að frávikið verði fellt niður þar sem þegar er verið að vinna að úrbótum eins og rætt

hefur verið um á eftirlitsfundum. Hluti af efninu kemur m.a. í stórsekkjum samkvæmt sérstöku leyfi UST.

Svar Umhverfisstofnunar:

Umhverfisstofnun telur að frávikið snúi að ákvæði í 4. mgr. greinar nr. 2.1 í starfsleyfi um að úrgangi sem geymdur er skuli komið fyrir með hentugu fyrirkomulagi og á skipulegan hátt. Jafnframt er kveðið á um í grein 4.2 í starfsleyfi að rekstraraðila beri að tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi sem tekið er á móti en í umræddum haug sáust m.a. smurolíubrúsar. Í grein 4.1. er ákvæði um að rekstraraðili beri að hafna úrgangi sem ekki stenst móttökuskilyrði. Í andsvörum rekstraraðila er tekið fram að unnið sé að því að flokka efni sem ekki er tækt til urðunar/landmótunar úr haugnum.

Umhverfisstofnun telur að um frávik frá starfsleyfi sé að ræða en fellst á úrbótaáætlun um að efni sem ekki er tækt til urðunar verði flokkað frá og skilað til viðurkenndra móttökuaðila samkvæmt verklagreglum sem kynntar hafa verið starfsmönnum.

Umhverfisstofnun mun taka út úrbætur vegna þessa í næsta eftirliti.

*1.2 Móttökusvæði fyrir steinefni er utan við afgirt athafnasvæði skv. grein 2.1 og ber því að sækja um
leyfi til landmótunar til heilbrigðisnefndar ef við á eða að girða svæðið í samræmi við umfang
starfsleyfisins.*

Það sem hér er kallað móttökusvæði fyrir steinefni er væntanlegt stæði Sundabrautar en lega hennar

verður milli urðumarstaðarins og gas-og jarðgerðarstöðvar. Þetta svæði tilheyrir því ekki beint

athafnasvæði SORPU bs. heldur vegstæði Vegagerðarinnar. Um lang árabil hefur verið samkomulag

við Vegagerðina að SORPA bs. setti heppileg steinefni í vegstæðið eins og hér er talað um. Þessi

aðgerð er því ekki móttaka úrgangs heldur endurnýting steinefna sem hluti af lagningu Sundabrautar. Hugsanlega má girða svæðið af ef óskað er, en það er ekki venja í vegalagningu.

Óskað er eftir því að frávikið verði fellt niður.

Svar Umhverfisstofnunar:

Í grein 2.1 í starfsleyfi urðunarstaðarins er tekið fram að tilgangur girðingar um athafnasvæði sé m.a. að hindra ólöglega losun og því telur Umhverfisstofnun mikilvægt að öll móttaka úrgangs fari fram innan afgirts svæðis.

Af andsvörum rekstraraðila má ráða að rekstraraðili líti svo á að vegfyllingin sé í raun ekki hluti af starfsemi urðunarstaðarins heldur endurnýting steinefna. Endurnýting úrgangs (Landmótun/vegfylling) er starfsleyfisskyld starfsemi samkvæmt tölulið 8.5 í X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Samkvæmt reglugerðinni fellur slík starfsemi undir eftirlit Heilbrigðisnefnda en ef um landfræðilega nálægð við starfsemi með starfsleyfi frá Umhverfisstofnun eru fordæmi fyrir hendi um að starfsemin sé felld undir sama starfsleyfið. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að eftirlit sé haft með hvaða efni eru notuð í vegfyllingu og því beinir stofnunin því til rekstraraðila að umrædd starfsemi verði felld undir starfsleyfið sem er í vinnslu.

2. Annað

*Í skýrslunni er talað um að spreyja lyktareyðandi efnum. Á þessum tíma íslenskrar málvöndunar væri
eðlilegra að tala um að úða þessum efnum.*

Svar Umhverfisstofnunar:

Orðalagi hefur verið breytt í samræmi við ábendinguna.

EFTIRLITSSKÝRSLA

SORPA Álfnesi Reykjavík

UHVERFISSTOFNUN


| | | | |
|---------------------|-----------------------------|-------------------------|-----------------------------|
| Dags eftirlits | 15.10.2018 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Halla Einarsdóttir |
| Fyrirtæki | SORPA Álfnesi | Eftirlitsmaður | Frigg Thorlacius |
| Heimili | Álfnes | Tegund eftirlits | Reglubundið seinna eftirlit |
| Kennitala | 5105881189 | Flokkur | Úrgangur og efnamóttaka |
| Fulltrúi fyrirtækis | Bjarni Gnýr Hjarðar | ÍSAT nr. | 38.21.00 |
| Fulltrúi fyrirtækis | Eiður Guðm./Ásbjörn Einars. | Staðsetning | 366624,722 412355,277 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í seinna reglubundna eftirlit ársins á urðunarstað Sorpu bs. Álfnesi.

Staðfestar voru úrbætur vegna eftifarandi eldri frávika:

1. Uppsafrnaðar birgðir af dekkjakurli hafa verið nýttar í botn og hliðar urðunarreinrar nr. 20 og að hluta til fokvarna.
2. Girðing sem afmarkar svæðið hefur verið reist.

Þá er unnið skv. samþykkti úrbótaáætlun vegna eldri frávika:

1. Mánaðarlegar sigmælingar á urðunarstaðnum hafa verið framkvæmdar frá apríl sl. Skráningar á breytingum á umfangi urðaðs úrgangs munu grundvallast á sigmælingunum. Skráningunum ber að skila í árskýrslu fyrir 1. maí.
2. Áætlað er að gas og jarðgerðarstöð verði tekin í notkun árið 2020, tilraunir við endurvinnslu á fituríkum sláturúrgangi hefjist í desember nk. og nægur raki reyndist vera í afgasi frá hreinsistöð svo fallið hefur verið frá framkvæmd um vatnsúðakerfi á lífsíu.
3. Í eftirlitinu var staðfest að vel er haldið utan um skráningar við móttöku dýrahraða en eftirlitsaðili óskar eftir skriflegum verklagsreglum við urðun dýrahraða og sláturúrgangs sem ekki fer í Gými.

Í eftirlitinu komu fram tvö ný frávik og tvær ábendingar voru gerðar vegna starfseminnar.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlitsins var eftifarandi:

1. Gildistími starfsleyfis og undanþágu
2. Umfang starfseminnar sbr. grein 1.2 (skráningar skv. grein 4.1)
3. Árlegur samráðsfundur m. UST og heilbrigðisnefndum og opin kynningarfundur
4. Skráningar skv. grein 5.1
5. Skoðunarferð
6. Framkvæmd úrbóta vegna útstandandi frávika

1. Unnið er að nýju starfsleyfi fyrir urðunarstað Sorpu bs. en undanþága frá umhverfis og auðlindaráðuneytinu hefur verið framlengd til 1. júní 2019.
2. Búið er að taka á móti rúnum 111,5 þúsund tonnum á árinu en starfsleyfið heimilar móttöku á 120.000 tonnum á ári. Sjónmat er gert að úrgangi sem kemur inn á svæðið. Ef úrgangssending inniheldur mikið af óhreinindum, þ.e. ekki nægilega flokkuð, er lagt á álagsgjald sem hefur verið árangursrík leið til að bæta flokknun. Vel er haldið utan um skráningar á hvaða úrgangur er hvar á urðunarstaðnum og sérstakt skráningarblað er fyllt út við móttöku asbestos. Dýrahrað og sláturúrgangur er skráður sérstaklega en eingöngu er tekið við dýrafurðum í áhættuflokk 2. og 3.
3. Rekstraraðili var minntur á ákvæði um árlegan samráðsfund og opin kynningarfund. Umhverfisstofnun hefur boðað opna kynningarfundi hjá rekstraraðilum sem hafa sambærileg ákvæði undanfarin ár.
4. Farið var yfir skráningar sem kveðið er á um í grein 5.1.

Skráningakerfi fyrir urðunarstaðinn er rafrænt og aðgengilegt í tölvum urðunarstaðarins. Þar eru skráningarupplýsingar settar upp á aðgengilegan hátt og myndræn framsetning gefur góða yfirsýn.

Í þeim tilvikum þar sem að dýrahrað falla undir 2. áhættuflokk hefur rekstraraðili óskað eftir samþykki Umhverfisstofnunar fyrir urðun. Einni sendingu af úrgangi hefur verið hafnað frá síðasta eftirliti þar sem að efnið var endurvinnanlegt. Rekstraraðili sýndi kort af urðunarstaðnum og hvar hverjum úrgangsflokk væri ráðstafað. Sá úrgangur sem inniheldur gifs og asbestos er urðaður á afmörkuðu svæði og dýrahraðin eru urðuð í sérstöku dýraholfi. Fiskúrgangur og fituríkur sláturúrgangur fer í gegnum Gými en þar vinnur rekstraraðili að uppsetningu ferils til framleiðslu á lífdísel. Viðarúrgangur er kurlaður á staðnum. Reglulega er tekið á móti veiðarfæraúrgangi og er hann urðaður með öðru lausarusli. Ekki er lengur sérstakt geymslusvæði fyrir plast á urðunarstaðnum. Mánaðarlegar sigmælingar hafa verið gerðar frá apríl sl. og umfang urðaðs úrgangs metið útfra þeim.

Engin mengunarhöpp hafa verið tilkynnt frá síðasta eftirliti.

Verklagsreglur við móttöku lykstærks úrgangs í Gými kveða á um þrif eftir hvern farm og alþrif vikulega en halda mætti betur utanum skráningar varðandi þrif í Gými.

Meindýraeyðir kemur mánaðarlega.

Niðurstöður seinni mælinga ársins á magni og samsetningu sigvatns og grunnvatns seinkaði en voru sendar eftirlitsaðila 13. nóvember sl. Rauntímmælingar eru á þrýstingi og samsetningu hauggas sem aðgengilegar eru á miðlæga skráningarkerfinu.

5. Í skoðunarferönni var móttaka steinefna skoðuð, girðing utan um urðunarstaðinn, urðunarein 20. sem er í notkun sem og geymslustaðir fyrir asbestos, gifs og óflokkaðan plastúrgang. Einnig var litið við í Gými þar sem að þrif stóðu yfir.

Frávik frá

Grein 2.1, 4.1 og 4.2

Lýsing á fráviki

Illa flokkaðir úrgangshaugar voru á móttökusvæði fyrir steinefni. Í haugnum voru m.a. gifsplötur, plast, tómir smurolíubrúsar ofl. Í andsvörum rekstraraðila dags. 26.11.2018 kemur fram að reynt er að sporna við illa flokkuðum förmum með álagsgjaldi ofl. Rekstraraðili skilar spilliefnunum sem við á í viðeigandi spilliefnamóttökur í samræmi við verklagsreglur.

Grein 2.1

Móttökusvæði fyrir steinefni er utan við afgirt athafnasvæði en samkvæmt starfsleyfi skal athafnasvæði afgirt með girðingu sem hindrar aðgang manna og skepna og hindrar óleglega losun úrgangs. Í eftirlitnu var ljóst að tekið hafði verið við úrgangsfarmi utan afgirts athafnasvæðis. Endurnýting úrgangs (landmótun) er starfsleyfisskyld starfsemi skv. grein 8.5 í X. viðauka reglugerðar nr 550/2018.

ÁBENDINGAR

Almennt er vel haldið utan um skráningar í miðlægu skráningarkerfi en bæta má skráningar er varða þrif á móttökustað fyrir lyktsterkan úrgang (Gými).

Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila er áförmáð að hefja framleiðslu á lífdísel í desember. Minnt er á ákvæði í III. tölulið greinar nr 1.2. um að rekstraraðili skuli gera grein fyrir tilgangi, markmiðum, umfangi og aðferðum tilraunastarfseminnar áður hún hefst og leita samþykkis útgefanda starfsleyfis og eftirlitsaðila. Umhverfisstofnun óskar eftir slíkri greinargerð skriflega svo hana sé unnt að senda til umsagnar hjá viðkomandi heilbrigðisnefndum sbr. ákvæði starfsleyfisins.

ANNAÐ

Stefnt er að opnum kynningarfundu í samræmi við ákvæði 1.9 í starfsleyfinu í byrjun desemeber nk. Samráðsfundur var haldinn 22. nóvember sl. og opinn kynningarfundur boðaður 5. desember nk.

Samkvæmt áætlun um aðgerðir til að draga úr lyktarmengun frá október 2015 (samþykkt úrbótaáætlun).

1. Búnaður til að úða lyktareyðandi eftum hefur verið komið upp við móttoku lyktarsterks úrgangs (Gými) og urðunarreininni sem verið er að urða í (rein 20).
2. Tilraunir við endurvinnslu á sláturúrgangi og fiskúrgangi hafa verið endurbættar og því legið niðri í nokkurn tíma. Rekstraraðila er bent á að upplýsa Umhverfisstofnun og viðkomandi heilbrigðisnefndir um starfsemina áður en hún hefst að nýju (sjá ábendingu).
3. Unnið er að starfsleyfi og byggingu gas og jarðgerðarstöðvar til móttoku á heimilisúrgangi. Áætlað er að starfsemi hefjist árið 2020.
4. Vatnsúðakerfi og rakamælingar í bíófilter frá gashreinsistöð til að tryggja virkni hefur ekki verið komið fyrir þar sem að í ljós koma að nægur raki kemur úr afgasinu sjálfa.

Í eftirlitnu var upplýst um að ný skýrsla Resource International um aðgerðir til að draga úr lyktarmengun væri vœtanleg í nóvember.

Berglind Ósk Þ. Þórólfssdóttir frá Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur og Þorsteinn Narfason frá Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis voru viðstödd eftirlitið.

Reykjavík, 05.12.2018

Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

26.11.2018

Urðunarstaðurinn á Álfnesi. Eftirlit Umhverfisstofnunar 15.10.2018.

Athugasemdir við eftirlitsskýrslu.

SORPA bs þakkar ágætan eftirlitsfund og samráðsfund en óskar eftir eftifarandi breytingum á eftirlitsskýrslunni.

1. Frávik.

1.1 Illa flokkaðir úrgangshaugar voru á móttökusvæði fyrir steinefni. Í haugnum voru m.a. gifsplötur, plast, tómir smurolíubrúsar ofl.

Áður hefur verið rætt um vandamál vegna móttöku illa flokkaðs úrgangs og aðgerðir til að bæta þar úr t.d. með alagsgjaldi við móttöku. Ástandið fer greinilega batnandi með þessum aðgerðum en ekki er talið eðlilegt að vísa þessum úrgangi frá. SORPA bs. hefur engin úrræði til að sjá til þess að hann komi þá aftur til baka. Óæskilegir þættir verða hreinsaðir úr þessum úrgangi.

Óskað er eftir því að frávikið verði fellt niður þar sem þegar er verið að vinna að úrbótum eins og rætt hefur verið um á eftirlitsfundum. Hluti af efninu kemur m.a. í stórasekkjum samkvæmt sérstöku leyfi UST.

1.2 Móttökusvæði fyrir steinefni er utan við afgirt athafnasvæði skv. grein 2.1 og ber því að sækja um leyfi til landmótunar til heilbrigðisnefndar ef við á eða að girða svæðið í samræmi við umfang starfsleyfisins.

Það sem hér er kallað móttökusvæði fyrir steinefni er væntanlegt stæði Sundabrautar en lega hennar verður milli urðunarstaðarins og gas-og jarðgerðarstöðvar. Þetta svæði tilheyrir því ekki beint athafnasvæði SORPU bs. heldur vegstæði Vegagerðarinnar. Um lang árabil hefur verið samkomulag við Vegagerðina að SORPA bs. setti heppileg steinefni í vegstæðið eins og hér er talað um. Þessi aðgerð er því ekki móttaka úrgangs heldur endurnýting steinefna sem hluti af lagningu Sundarbrautar. Hugsanlega má girða svæðið af ef óskað er, en það er ekki venja í vegalagningu.

Óskað er eftir því að frávikið verði fellt niður.

2. Annað.

Í skýrslunni er talað um að spreypja lyktareyðandi eftum. Á þessum tíma íslenskrar málvöndunar væri eðlilegra að tala um að úða þessum eftum.

Bjarni G. P. Hjarðar
Eiður Guðmundsson
Ásbjörn Einarsson

